

AUGLÝSING

170

20. ágúst

um bann við veiði göngusilungs við vestari ós Héraðsvatna.

Sankvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breytingu á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er ádráttur fyrir göngusilung bannaður fyrir strandlengjunni frá vestari ósi Héraðsvatna að Gönguskarðsárósi. Leyfilegt skal þó að draga á fyrir sild til beitu í apríl til ágúst ár hvert að fengnu leyfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki hverju sinni, sbr. lög nr. 94/1943.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir raforkusjóð Dalasýslu, útgefin á 171 venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. ágúst 1952.

22. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raforkusjóð Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Raforkusjóður Dalasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Ingibjörgu Jensdóttur og Halldóri Guðmundssyni, Magnússkógum í Dalasýslu, á fimmtíu ára hjúskaparafmæli þeirra, 5. ágúst 1949 með 2000 — tvö þúsund — krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja búendur í Dalasýslu, fyrst og fremst í Hvammsveit, til þess að hagnýta sér raforku til heimilisnota, þegar rafveita hefur verið lögð um héraðið.

4. gr.

Þessum tilgangi skal náð með því, að veita einstökum búendum, er efnalitlir eru, styrki úr sjóðnum til kaupa á hvers konar rafmagnsáhöldum og heimilislólum, sem nauðsynlegar eru við venjulega hagnýtingu rafmagns á heimili.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins svo og vexti af honum skal leggja við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn nemur kr. 10 000.00, en þá má úthluta allt að $\frac{1}{5}$ hlutum vaxtanna.

6. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram eftir umsóknum, og ber sjóðstjórninni að auglýsa eftir þeim þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn það mikill, að styrki